

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 180/1962 um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

1. gr.

2. málslíður 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tilkynna skal fulltrúum í verðlagsráði með a. m. k. 2 daga fyrirvara, hvenær fundir skuli hefjast um hverja verðákvörðun.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 23. júlí 1974 um Verðlagsráð sjávarútvegsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. nóvember 1984.

Þorsteinn Geirsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REIKNINGUR

Nr. 453

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1983.

A. Rekstrarreikningur.

Gjöld:

	kr.
Almenn framlög til sveitarfélaga skv. 13. gr.	499 881 945
Aukaframlög til sveitarfélaga skv. 15. gr.	26 643 000
Patrekshreppur, styrkir v/snjóflóða	2 800 000
Fólksfækkunarframlög til sveitarfél. skv. 16. gr.	7 816 900
Samband ísl. sveitarfélaga, framlag, 1% af alm.t.	5 970 537
Landshlutasamtök sveitarfélaga, framlag, 1% af alm. t.	5 970 537
Lánasjóður sveitarfélaga, framlag, 5% af vergum tekj.	29 854 459
Húsfriðunarsjóður, framlag	1 035 993
Innheimtustofnun sveitarfélaga, rekstrarframlag	1 460 579
Afskrifaðar kröfur vegna barnsmeðlaga	234 605
Eftirlaunasjóður aldraðra í stéttarfélögum	5 693 462
Afgangur fluttur á höfuðstól	9 727 160
Alls kr.	597 089 177

Tekjur:

	kr.
Sölugjald, hluti sjóðsins í álagningu	434 972 047
Aðflutningsgjöld, hluti sjóðsins í álagningu	93 013 411
Landsútsvör:	
Bankar	9 691 697
Aðrir	79 137 368
÷ hluti sveitarfélaga	19 760 809
Sérstakur tekjuskattur:	
Kísiliðjan hf. og Johns Manville	3 904 735
÷ til Húsavíkurkaupstaðar	2 433 080
÷ til Skútustaðahrepps	1 471 655
Almennar tekjur	597 053 714
Vaxtatekjur	35 463
Vergar tekjur	597 089 177